

Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

96. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn 28. júlí á Kirkjubæjarklaustri

Mætt eru á fundinn aðalmennirnir Gunnar Erlendsson og Lilja Magnúsdóttir

1. Farið yfir það sem búið er að gera. Tónleikar Sveins Guðmundssonar í Minningarkapellunni á Klaustri 4. júlí tókust vel. Sveinn söng eigin lög og annarra og nutu gestir kvöldsins.

Heiðar Örn úr Pollapönki hélt tónleika í Íþróttasalnum á Klaustri 11. júlí og voru þar mættir ungir sem aldnir, þar var mjög vel mætt og fögnum við því. Voru allir lukkulegir með tónleikana. Um kvöldið hélt Heiðar Örn tónleika á Hótel Laka. Tónleikarnir enduðu með þátttöku tónleikagesta og fjöldasöng. Gestir voru glaðir þegar gengið var út í júlínóttina klukkan 11 þann 11. júlí 2020.


2. Við höldum áfram að vinna með tónlistarmönnum sem vilja koma og halda tónleika hér í nafni Tóna-Seríu Skaftárhrepps. Næstu tónleikar verða auglýstir þegar þar að kemur. Það hefur verið erfitt að halda skemmtanir vegna þess að ekki má vera framtíðir kvöldi vegna Covid. Vonum við að það breytist þegar líður á haustið og þá verði auðveldara að fá fólk til að koma á tónleika.

3. Rætt um Uppskeru- og þakkarhátíð í haust. Heppilegur tími fyrir hátíðina er 22. - 25. október 2020.

Önnur mál: Nefndarmenn hvetja sveitarstjórn til að finna formann fyrir menningarmálanefnd sem allra fyrst. Treystum við á að fljótlega verði kominn þriðji maðurinn okkur til halds og trausts.

Fundi slitið

Fundarritari Lilja Magnúsdóttir



Lilja Magnúsdóttir